

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Hringhellu 3 og 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. desember 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Hringhellu 3 og 5. Breytingin felur í sér stækkun lóðar við Hringhellu 3 úr 62.523 m² í 69.728 m². Jafnframt verður veitulóð við Hringhellu 5 færð til og fær nýtt heiti, Gjáhella 12H.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. desember 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025